

Kópavogur, 29. Júní 2026

Óskað er eftir að eftirfarandi mál verði tekið fyrir á dagskrá næsta fundar skipulags- og umhverfisráðs þann 6. Júlí 2026.

Efni: Býgarður – skoða möguleika á að koma upp býflugnagarði á landi Kópavogs.

Lagt er til að skoðaðir verði möguleikar á að koma upp býflugnagarði (í ætt við garðlönd) á svæði innan Kópavogs, þar sem býbændur geta fengið aðstöðu til að halda býflugnabú.

Horft verði til eftirfarandi aðtriða við útfærslu verkefnisins:

- Staðsetning: Finna þarf hentugt svæði undir garðinn í samtarfi og samtali við umhverfissvið, Skógræktarfélag Kópavogs og garðyrkjustjóra bæjarins.
- Samfélagslegt verkefni: Skoðaður verði möguleiki á að flétta býræktina saman við sumarstörf á vegum Kópavogsbæjar, sem og virkniúrræði velferðarsviðs, samstarf velferðarsviðs og Skógræktarfélagsins.
- Fræðsla: Með tilkomu býgarðsins skapast kjörið tækifæri til að auka fræðslu í skólum bæjarins með skipulögðum heimsóknnum nemenda í garðinn.

Málið er lagt til umræðu.

Bestu kveðjur

Beitir Ólafsson

Áheyrnarfulltrúi Miðflokks í skipulag- og umhverfisráði Kópavogs.